

REGLUGJÖRÐ

um

75
28. ágúst**meðferð og notkun rafmagns í Flateyrarhreppi.****1. gr.**

Rafveitan er eign Flateyrarhrepps og hefir hreppsnefnd yfir-
stjórn hennar á hendi, hún ræður rafveitustjóra og stöðvarstjóra.

2. gr.

Rafveitan selur rafmagn öllum, sem eru innan þess svæðis,
sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti, sem afl stöðv-
arinnar nægir og samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitustjóri
með samþykki hreppsnefndar selja til annara afnota afl það sem
stöðin getur framleitt umfram það er til ljósa þarf, ef það á engan
hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa. Rafveitan hefir einkarétt
til að selja rafmagn til ljósa, á því svæði, sem raftaugar hreppsins
ná á hverjum tíma yfir.

4. gr.

Reksturstími stöðvarinnar til ljósaframleiðslu er frá 15. ág.
til 15. apríl, þó má hreppsnefnd lengja tímam, ef þurfa þykir.

5. gr.

Aðalálmur og húsálmur leggur rafveitan á sinn kostnað. Hús-
veitur skal gera á kostnað húseiganda, af þeim manni eða mönnum
er rafveitustjóri hefir tekið gilda. Sama gildir um breytingar á eldri
húsveitum.

6. gr.

Allir rafmagnsnotendur skulu hafa straummæla, er þeir fá
leigða hjá rafveitunni, þó getur hreppsnefnd einnig selt ljós án
straummæla eftir samkomulagi.

7. gr.

Enginn má án leyfis hreppsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi
rafveitunnar né aðhafast neitt það, er valdið geti skemmdum á raf-
taugum eða öðrum raftækjum, sem notuð eru í sambandi við taugarnar,

75 hvort heldur er í húsi eða utan þess. Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu, 28. ágúst, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta sektum, sé verkið ekki þannig vaxið, að þyngri hegning liggi við samkv. lögum.

8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur til að sjá um, svo sem honum er unnt, að lögn hans sé jafnan í góðu lagi. Komi ólag á raftaugar eða tæki í húsi, þannig að skemmdum geti valdið á taugum eða áhöldum rafveitunnar svo bilun sjáist á einangrun á lögn, skal húseigandi tafarlaust tjá það rafveitustjóra. Varast skal að taka sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

9. gr.

Rafveitustjóra er heimilt að banna að nota í sambandi við rafveituna gamla lampa og önnur áhöld, sem að hans áliti er ótrygg eða til tálmunar góðum rekstri.

10. gr.

Rafveitustjóri og stöðvarstjóri skulu ætíð hafa frjálstan aðgang, þar sem eru taugar eða áhöld, sem standa í sambandi við afltaugar stöðvarinnar, til þess að ganga úr skugga um að allt sé í góðu lagi.

11. gr.

Vanræki rafmagnsnotandi skyldur þær, sem á honum hvíla, samkvæmt reglugjörð þessari, eða virði að vettugi fyrirskipanir rafveitustjóra, er rafveitustjóra heimilt að slía sambandi við hann til bráðabirgða, og að fullu með samþykki hreppsnefndar. Notandi ber fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

12. gr.

Rafveitustjóri skal hafa nákvæmt eftirlit með rekstri stöðvarinnar; sjá um að jafnan sé til nægilegt efni til rekstursins o. s. frv. Hann skal halda bók yfir tekjur og gjöld rafveitunnar, svo og eignir og skuldir. Ársreikning miðaðan við rekstursár skal hann semja fyrir máilok ár hvert og afhenda hann hreppsnefndinni, sem lætur endurskoðanda hreppsreikninganna endurskoða reikninginn og úrskurðar hann síðan.

13. gr.

Hreppsnefnd semur í samráði við rafveitustjóra, gjaldskrá fyrir notkun rafmagnsins og leitar samþykkis atvinnumálaráðuneytisins á henni.

14. gr.

Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum reglugjörðar þess-⁷⁵ 28. ágúst arar, sker hreppsnefndin úr, en úrskurði hennar má áfrýja til atvinnu-
málaráðuneytisins.

15. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskrá, sem sett verður samkv. 13. gr., má breyt með samþykki atvinnu-
málaráðuneytisins.

16. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum allt að 200 kr. — tvö hundruð krónum — nema þyngri hegning liggi við og skal fara með mál út af þeim, sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem hreppsnefndin í Flateyrarhreppi hefir samið og samþykkt, staðfestist hérmeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. október 1929 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. ágúst 1929.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir

rafveitu Flateyrarhrepps.

76

28. ágúst

1. gr.

Verð á rafmagni til ljósa skal fyrst um sinn vera kr. 1.50 fyrir kílóvattstund. Verð þetta breytist í hlutfalli við það sem stöðin ber sig og eftir því sem hreppsnefndin ákveður í hvert skifti. Hún ákveður og í hvert skifti verð á rafmagni til annara nota en venjulegra ljósa.

2. gr.

Mælisleiga og samtengingargjald skal vera 1 króna á mánuði.